

Læsi

Samskipti

Til að auka félagsfærni og styrkja sjálfsmynd barna þurfa þau að fá tækifæri til samskipta. Auk þess að nota tungumálið nota börnin til dæmis ýmis hljóð, snertingu, látbragð, leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Læsi felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og fá að tjá sig á fjölbreyttan hátt.

Áherslupættir og leiðir

Í Pálmholti:

Er unnið með jákvæð samskipti í litlum hópum þar sem kennarinn er fyrirmynd í tali, framkomu, er hvetjandi og hrósar. Elstu tveir árgangarnir fá markvissa kennslu í kennsluefninu Stig af stigi sem eflir tilfinningaþroska og samskipti nemenda.

Er unnið í stærri hópum þar sem börnin læra samskipti, hlustun, að skipast á og að tjá sig til skiptis.

Er ritmál haft mjög sýnilegt í öllu umhverfinu til að börnin kynnist tungumáli okkar sem mest og best.

Er mikið lesið fyrir börnin, orð eru útskýrð, lesin eru ljóð og þulur. Leikið með stafi og hljóð, hlustað á sögur, sungið og rímað svo eitthvað sé nefnt.

Skapar kennarinn tíma, aðstæður og tækifæri þannig að börnin fái tækifæri til að tjá sig.

Fá börnin að kynnst ólíkum efnivið með því að hafa hann aðgengilegan og fjölbreyttan í leik og starfi.

Er tákn með tali kynnt. Öll börn og kennarar fá sín tákn, sungin eru lög og boðið er til borðs með táknum.

Er unnið að læsistengdum verkefnum sem krefjast samstarfs heimilis og skóla. Má þar nefna Bangsi heim, póstkassinn, Stjarna vikunnar, bók vikunnar, fjölskyldutré. Markmið þessara verkefna er að æfa börnin í framsögn.

Eru læsishvetjandi verkefni á deildum sem kennarar geta gripið í. Verkefni eru af ýmsum toga til dæmis para saman lítinn og stóran staf, tengja klemmur með bókstöfunum við rétta mynd og leikur með stafakubbum.

Er notast við tölvur, skjávarpa, útvörp/lpöð, myndavélar og lpöð til að nálgast upplýsingar og fá hugmyndir.

Er læsi þróað í víðu samhengi með því að kynnst nánasta umhverfi, velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu annarra þjóða.

Mat

- Við metum starfið hjá okkur með markvissum skráningum á áherslupáttum skólans og gátlistum, ásamt endurmati barna og kennara, til dæmis með jafningjamati og ígrundun.
- Þroskamati.
- Hljóm2- próf tekið á elsta árgangi barnanna.
- Skriflegar-, ljósmynda- og myndbands skráningar af skipulögðu starfi og frjálsum leik.
- Haldið utan um verk barnanna.
- Skráning á vettvangsferðum.
- Mat kennara á áherslupáttum í skólalastarfinu, fyllt út mánaðarlega.